

Stjórnarfundur 16 mánudaginn 23. ágúst 2016 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.



Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Kristján Geir Guðmundsson, Árni Jón Eggertsson, Hrafnhildur Theódórsdóttir, Steinn Einarsson og Sigurbjörn Árni Arngrímsson á Skype.
Afboð og mættu ekki: Brynja María Ólafsdóttir.

Dagskrá

- Ársþing – tillögur og fleira
- Mótamál
- Önnur mál

Fundargerð

Ársþing

- Reglugerð um félagaskipti og viðbót við hana um tímabundin félagaskipti. Sett inn sem breytingatillaga fyrir ársþing BLÍ. Kristján hefur unnið við skrifin og tillagan kláruð fyrir útsendingu.
- Leggja þarf fram nýja reglugerð um lðkendagjald sem Árni Jón hefur sett upp drög af. Jason og Sævar klára reglugerðina. Nokkur umræða fór fram um mikilvægi þess að setja á þetta gjald og var það mál manna að auka tekjurnar til að bæta þjónustuna við félögin.
- Tillaga frá Hamri er komin inn sem breytingatillaga við reglugerð um búninga. Sævar setur upp í stílinn fyrir útsendingu.
- Reglugerðabreytingu þarf að gera til þess að Mizunodeild kvenna verði lögleg. Sigurbjörn Árni klárar það mál.

Mótamál

- Þátttökugjöld verða þau sömu fyrir leiktímabilið 2016-2017 og voru fyrir 2015-2016.
- Farið var yfir úthlutun móta til félaganna og það samþykkt sem lagt var fram frá mótanefnd og yngriflokkaneftnd. Sævar gengur frá því og sendir út til félaganna.

Önnur mál

- Hrafnhildur ræddi um að hafa formannafund fyrir ársþingið. Fundarmenn tóku vel í það og dagsetning verði skoðuð á allra næstu dögum.
- Jason sagði frá því að SCD Lokakeppnin verði haldin hér á næsta ári, að líkindum 16.-18. júní í Digranesi. Verið er að bíða eftir staðfestingu á Hóteli til að byrja almennilega vinnu við skipulagningu. Grétar er klár að vinna í framkvæmdanefndinni og þarf að finna gott fólk með honum, sérstaklega til að taka fjárhagslegu hliðina á mótinu. Júlíus Hafsteinn og Guðmundur Helgi voru nefndir sem möguleikar í hópinn. Árni Jón, gjaldkeri sambandsins verður í hópnum og þá líklega þau sem voru lykilmál í síðustu keppni.

Fleira var ekki rætt á fundinum

Fundi slitið kl. 19.00

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð